

*Eins konar hversdagsrómantik*

Birgje Snæbjörn Birgisson

Eygló Harðardóttir

Finnur Arnar Arnarsson

Guðbjörg Hjattardóttir Leaman

Gústaf Bollason

Hlynur Helgason

Hulda Hrönn Ágústsdóttir

Lilja Egilsdóttir

Pétur Örn Friðriksson

Ragna Sigurðardóttir

Sigtryggur Bjarni Baldvínsson

Steinunn Helga Sigurðardóttir

Valgerður Guðlaugsdóttir

Victor Guðmundur Cilia

Þorbjörg Þorvaldsdóttir

Á síðastliðnum árum hefur verið lögð áhersla á að veita samtímalist inn í sýningarsali Kjarvalsstaða. Nú er efnt til umfangsmikillar myndlistarsýningar þar sem sýnd eru verk eftir þá listamenn sem teljast til yngstu kynslóðar íslenskra myndistarmanna. Hér eru á ferðinni listamenn sem eru í þann mund að skapa sér rými í íslensku listalífi, og margir þeirra eiga eflaust eftir að marka djúp spor í íslenska listasögu þegar fram í sækir.

Það er menningarmálanefnd sérstök ánægja að kynna almenningi verk þessara listamanna og gefa sýningargestum þannig forskot á framtíðina.

*Guðrún Jónsdóttir, formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar*

Sýningarstjóri: Auður Ólafsdóttir

## Inngangsorð

Sérhvert myndlistarverk, sérhvert listaverk ber sköpunartíma sínum á einhvern hátt vitni. Það liggur í tvíþættu eðli listaverka að þau eru staðbundin og einstök og spegla skapara sinn, og jafnframt eru þau hluti af ákveðnu samfélagi og þar með dæmigerð fyrir ákveðinn hugsunarhátt, heimsmynd, jafnvel lífsafstöðu heillar kynslóðar.

Í myndlistarhraðlest samtímans er stundum talað um að kynslóðaskipti verði á fimm ára fresti.

Sýningunni *Eins konar hversdagsrómantík* er ætlað að taka púlsinn á þreifingum yngstu kynslóðarinnar í íslenskri myndlist með það fyrir augum að gera sýnilegar þær áherslubreytingar sem orðið hafa í myndlistarheiminum á undanförunum misserum og eru í deigluinni.

Hugmyndin er m.a. sú að nota einstök verk til að gera grein fyrir heild, eins og fræðimenn gera gjarnan, þó þannig að sjálfstæði og sérstaða einstakra þátttakenda fái notið sín.

Myndlistarmennirnir sem eiga verk á sýningunni eiga það sameiginlegt að vera fæddir á sjöunda áratugnum (þeir yngstu árið 1970), hafa lokið formlegu myndlistarnámi, bæði hér heima og erlendis, og starfa nú sem myndlistarmenn.

Tekin var sú stefna að velja ekki verk á sýninguna eftir myndlistarmenn sem eiga að baki nokkurn feril og hafa þegar komið undir sig fótum í listheiminum, m.a. með einkasýningum í opinberum sýningarsölum, jafnvel þótt þeir séu jafnaldrar sumra þeirra myndlistarmanna sem hér eiga verk. Sem dæmi má nefna Georg Guðna Hauksson, Sigurð Árna Sigurðsson, Guðbjörgu Lind Jónsdóttur, Kristínu Gunnlaugsdóttur, Kristín Hrafnsson og Þorvald Þorsteinsson.

Af sextán þátttakendum hafa þrettán sótt framhaldsnám í myndlist til útlanda að loknu námi í Myndlista- og handíðaskóla Íslands; til Hollands, Frakklands, Þýskalands, Englands og Bandaríkjana. Það vekur athygli í þeim efnum að Frakkland virðist vera komið inn á landakortið aftur eftir áratuga hlé sem valkostur fyrir unga myndlistarmenn.

Í umfjöllun um samtímamyndlist, m.a. í fjölmiðlum, er gjarnan klifað á „fjölbreytileikanum“, að allt sé „inni“, allt sé leyfilegt, „umburðarlyndi“ sé meira en nokkru sinni fyrr, menn búi við áður óþekkt frelsi til að gera nánast allt, o.s.frv. o.s.frv.

Undirrituð telur þvert á móti að samtíminn eigi sér skýr viðmið og gildi sem rúmi ekki endilega „allt“, frekar en aðrir tímar.

Ög hvað „umburðarlyndi“ varðar, þá skyldu menn ekki gleyma því að umburðarlyndi er annað orð yfir afskiptaleysi og áhugaleysi.

## „Síðasti ég í heimi“, \* hinn fyrri og hinn síðari

Það bjó sérkennilegt andrúmsloft tímaleysis í elstu verkum endurreists olíumálverks hér á landi fyrir rúmum áratug. Í blaðaviðtölum við unga myndlistarmenn frá árunum 1983 og 1984 er áberandi hvað mönnum lá mikið á í list sinni, hversu tímabundnir þeir voru í þessum heimi:

*Við lifum á þannig tímum að það er ekkert lengur til sem heitir á morgun. Þetta viðhorf er orðið strekktasti punkturinn í lífiskodunum okkar (...) Því er slagkrafturinn, þessi expressjóníska upplifun, hjá okkur unga listafólkinu þessi: Við erum til, við erum á lífi og við viljum sýna fram á það með listinni. <sup>1)</sup>*

Margir í hópi þeirra sem aðhylltust hið svokallaða nýja málverk höfðu nýlega sagt skilið við konseptlistina og máluðu nú hratt í hita síðasta augnabliks í heimi:

*Það var orðið brýnt að losa listina undan hinnu stífu gáfumannalist sem konseptið var, þar sem engin áhersla var á ljóðræn og sjónræn gildi. <sup>2)</sup>*

Enda áttu mörg verka ungra myndlistarmanna þess tíma það sameiginlegt að vera vígð augnablikinu, ekki sköpuð til þess að lifa af fremur en höfundar þeirra. A.m.k. ekki sköpuð með eilífðarsjónarmið listarinnar í huga.

*Listin er það sem hún er hverju sinni, hvorki það sem hún var né verður. Og þar gildir fílingurinn og aktivítetið. <sup>3)</sup>*

Hver og einn myndlistarmaður var „síðasti ég í heimi“ eins og Þór Eldon (f. 1962) orti árið 1984, vegna þess að heimurinn var á hverfanda hveli, á síðasta snúningi:

*Maður hugsar um sprengjuna (...) Það er þá skást að taka einn dag í senn, láta tilfinningar hvers dags njóta sín. <sup>4)</sup>*

Það fer ekki milli mála að tíminn í myndlistinni hefur bæði hægt á sér og fengið annað innihald í meðförum ungra íslenskra myndlistarmanna síðan yfirlýsingarnar hér að framan voru gefnar.

Þótt ungir myndlistarmenn telji sig eiga marga morgundaga og vinnudaga

fyrir höndum, þá eru þeir þó í vissum skilningi áfram „síðasti ég í heimi“. Ljóðlína skáldsins hefur hins vegar í meðförum þeirra fengið annað og tilvistarlegra inntak sem byggir m.a. á sterkri einstaklingshyggju, og helgast af afstöðu til lífsins og listarinnar sem vel mætti kenna við aldarlokarómantík. Við getum kallað þá „síðasta ég í heimi“ hina síðari.

Spurningin um það hvort enn sé hægt að vera einlægur í listinni eftir allt sem á undan er gengið virðist brenna á vörum margra. Svarið við því er í anda 19. aldar-rómantíkur: List er persónuleg tjáning einstaklingsins, endurspeglun þess sanna og frumlega í hverjum manni. Stór þáttur í rómantískri líffssýn er leit mannsins að því að vera hann sjálfur og síðan tjáning þess í listinni. „Ég er kannski ekki betri en hver annar, en ég er þó að minnsta kosti öðruvísi,“ sagði heimspekingurinn Jean-Jacques Rousseau (1712–1778), og má líta á þessi ummæli hans sem einskonar inngangsorð að rómantísku stefnunni. Þótt heiminn byggji milljarðar, þá er aðeins til eitt eintak af hverju okkar. Og þá ber þess að gæta að frumleikinn býr ekkert síður í úrvinnslu áhrifa, í því að finna gamalli hugmynd nýtt form eða gömlu formi nýtt inntak. Þannig hafa myndlistarmenn unnið á öllum tímum frá því í árdaga sköpunar. Listasöguna má því allt eins skoða sem sögu þess hvernig myndlistarmenn hafa unnið úr áhrifum af annarri list.

Það er síðan hið kórrétta sambengi sem gefur stórum hluta 20. aldar-myndlistar innihald sitt.

Vissulega má segja að öll listsköpun sé rómantísk í þeim skilningi að hún er úrvinnsla úr reynsluheimi listamannsins. Listin er glíma mannsins við sjálfan sig og sinn samtíma og þar með tilraun til að leysa úr þeim mótsögnum sem samtími hans, eigin tilvist og umhverfi skapar.

## Galdramenn

En það má finna ýmislegt fleira sameiginlegt með hinum sögulegu rómantíkerum og rómantíkerum okkar aldarloka. Til að mynda hugmyndina um ímynd listar sem nokkuð sem aldrei verður að fullu höndlað, um list sem galdur. Listin er leyndardómur sem verður aldrei orðaður á endanlegan hátt. Í samtölum um verk sín láta ungir myndlistarmenn gjarnan að því liggja að listin sé alltaf margræð, aldrei einhlít eða endanleg. Túlkunarþátturinn er alltaf opinn í annan endann, þann sem snýr að áhorfanda. Og gildir þá einu hver efnistöð þeirra eða tilgangur er að öðru leyti.

*Ég hef frásögn sem ég kref áhorfandann um að svara.* (Birgir Snæbjörn Birgisson)<sup>5)</sup>

*Verkið á að skilja eftir rými fyrir óvissuna hjá þeim sem skoðar, ekki að fylla út í allar glufur.* (Eygló Harðardóttir)

*Í því sem ég geri vil ég gjarnan ýja að blutunum. Ég vil alls ekki setja neitt fram sem endanlegt í minni myndlist. Ég vil ekki gefa fólki endanlegt svar, þótt það vilji fá niðurstöðu.* (Pétur Örn Friðriksson)

Það má í rauninni segja að þessi kynslóð myndlistarmanna hafi í raun sætt sig við hinn upprunalega og óraunsæja tilgang listarinnar að vera galdur, hvert sem form eða inntak verka þeirra kann að öðru leyti að vera.

### Frásagnarheimar

Það fer ekki milli mála að samtíminn stendur til frásagnarlegra verka.

Sú kynslóð ungra myndlistarmanna sem nú er á upphafsreitum síns ferils leitar sér víða viðfangsefna og myndræns innblásturs; í bernskunni, t.a.m. í myndskreytingum barnabóka frá því fyrr á öldinni, í sunnudagaskólamyndum, í gömlum útsaumsbókum, í handbókum um skreytimynstur frá ýmsum tímum og menningarsvæðum, í alþýðulist, í ævintýrum, í matreiðslubókum frá sjötta áratugnum, í listasögunni, í gömlum póstkortum, í sérfræði- og tæknitímaritum, í handbókum um tölvur, í „ólistrænum“ ljósmyndum og í því sem hún kallar „hversdagsleika“.

Frásagnir úr óraunveruleikaheimi bernskunnar í formi godsagnakenndra ævintýramynda er sá grunnur sem Birgir Snæbjörn Birgisson byggir verk sín á. Sviðsetningar hans eru í ætt við máðar minningar, vísast mun fjær í tíma og rúmi en bernska hins unga myndlistarmanns sjálfs.

Myndbyggingin er í ætt við einfaldar sviðsetningar barnabóka fyrri tíma, með grunnu myndrými og fallegum, fölum litum, ekki ósvipuðum þeim sem löngum hafa verið notaðir til að mála barnaherbergi á góðborgaraheimilum á Vesturlöndum. Verkin eru flest af sömu stærð. „Stærðina valdi ég vegna þess að hún kemst næst líkamsstærð barnanna.“ (Birgir Snæbjörn Birgisson)

Í verkunum er engin hreyfing, heimur þeirra er kyrrðarheimur.

*Allir vita að heimur barnsins er óstabil, brothættur, varir aðeins skamma stund. (...) Birtan, hreinleikinn og sakleysið geta breyst í andhverfu sína. Ég vil að áhorfandinn dragist inn í verkið en að það geti barið frá sér.* (Birgir Snæbjörn Birgisson)

Annar myndlistarmaður sem skírskotar til bernskunnar í verki sínu er Valgerður Guðlaugsdóttir. Verk hennar byggist á því að hún setur sjálfa sig á svið í margfaldri persónu í mynd aðalpersóna rósrauðra sjoppuástartrómana sem hún „í eina tíð lá yfir“ (Valgerður Guðlaugsdóttir). Útfærslan er mjög leikræn og útkoman á mörkum tvívíddar og þrívíddar.

### Ekki lengur allt og sumt

*Mynd er bara sjónræn upplifun, þú stendur andspænis myndinni, það er allt og sumt.<sup>6)</sup>*

Gömlu rómantíkusarnir á 19. öld byggðu verk sín á tilfinningalegum rökum. Því er öðruvísi farið með hina ungu aldarlokarómantikusa samtímans. Tilfinningin ein dugir ekki til að gera grein fyrir verki. Ekki fremur en mynd er bara sjónræn upplifun. Það er ekki „allt og sumt“. Orð sem Sigurður Árni Sigurðsson myndlistarmaður lét falla fyrir nokkrum misserum gefa að mörgu leyti tóninn fyrir þátttakendur á sýningunni hér á Kjarvalsstöðum:

*Það nægir mér ekki að hreyfa bara höndina upp og niður eftir lérefstinu, heldur hlýtt ég að spyrja sjálfan mig hvað það þýði að vera málarí í dag eftir allt sem á undan er gengið.<sup>7)</sup>*

Og jafnvel þótt hann vísi í málverkið má heimfæra viðhorf hans upp á myndlistarmenn sem vinna í önnur efni og aðra miðla. Form og framsetning verka er yfirleitt þaulhugsuð áður en hafist er handa við útfærslu þeirra. Flest verkanna á sýningunni eiga það sammerkt að hafa verið tilbúin í „höfði“ myndlistarmannsins áður en „handverksþátturinn“ hófst.

*Við teljum enga nauðsyn að sýna fram á að við séum ægilega flink að teikna (...), að við getum gert hinar ótrúlegustu sjónhverfingar á lérefstinu.<sup>8)</sup>*

Frásagnarmálverkið hefur alltaf í eðli sínu verið sviðsetning á sýndarveruleika, á sjónblekkingaráhrifum þrívíddarinnar.

Eitt meginéinkenni málverka Sigtryggs Bjarna Baldvinssonar er leikur með þrívíddarblekkinguna. Frásögn hans felst ekki hvað síst í samtæðum við listina og listasöguna, oft á hinum tvíráðu mörkum eftirsjár og kaldhæðni.

*Ég bý til myndræna leikþætti þar sem ýmsir grundvallarþættir  
málverksins eins og liturinn eru fullgildar persónur.* (Sigtryggur Bjarni  
Baldvinsson)

Við erum hér víðsfjarri tímapressu myndlistarinnar fyrir rúmum áratug. Það er nostrarð við hina efnislegu þætti, áferðina, litinn, af nánast helgri vandvirkni og nákvæmni. Litur verður tákn. Áferð býr yfir merkingu. Dæmi um það er hvernig Sigtryggur Bjarni notar matta og glansandi áferð á mismunandi hátt til að draga fram og sökkva hlutum, í myndfletinum og á honum.

Annar myndlistarmaður sem hefur lagt sig eftir mikilli nákvæmni og vandvirkni hvað hina tæknilegu hlið áhrærir er Þorri Hringsson. Munúðarfullar matarmyndir hans með dísætum, umbreyttum litum eru ekki neyklusamfélagslegar athugasemdir í ætt við popplistaverk sjöunda áratugarins heldur dæmi um verk þar sem handverkið fær upphafið gildi, verður sjálft augnakonfektíð sem verkin fjalla um.

## Mynstur

Frásagnarmálverkið stendur alltaf nálægt myndskreytingunni.

Steinunn Helga Sigurðardóttir hefur kynnt sér sögu gamalla útsaumsmyndra „sem hafa gengið í arf frá konu til konu“ og „sótt þangað bæði efnivið og orku“ (Steinunn Helga Sigurðardóttir) og nýtir sér þau til að byggja upp afar litrík málverk sín. Það má segja að það fyrri tíma stofustáss sem útsaumsmyndir voru öðlist nýtt form og nýja merkingu með nútímalegri endurvinnslu hennar. Vinnuaðferð þátttakenda og notkun þeirra á ýmsum „heimildum“ er sjaldnast nokkurt leyndarmál. Miklu algengara er að vísunin í upprunaheimildina sé innbyggð í verkið, bæði formlega og inntakslega. Þannig er það t.a.m. í verkum Steinunnar Helgu, þar sem köntuð form ásamt þykkri, upphleyptri áferð verkanna gerir „útsauminn“ nánast áþreifanlegan.

Mynsturgerð er líka áberandi í verkum Guðbjargar Hjartardóttur Leaman og Victors Guðmundar Cilia þótt hvort þeirra hafi sitt snið. Hjá Guðbjörgu er það hin „frjálsa“ aðferð litarins sem gefur formið, hjá Victori Guðmundi er liturinn hins vegar rammaður inn í form með útlítnuteikningunni.

Símynsturverk Victors Guðmundar byggjast upp á samhverfum formum eða spegilformum, sem svifa um á eintóna bakgrunni. En vegna þess að mynstrin eru máluð með skuggum, sem gefur þeim þrívíða náttúru, líkt og gert var í Pompei hinni fornu, hætta þau að vera skraut og fá lífræna, jafnvel fígúratífa skírskotun til furðuheima ævintýranna, til Lísu í Undralandi, til 1001 nætur.



Endurreisnin á 16. öld var hápunkturinn á því ferli listarinnar að lýsa fegurð efir stærðfræðilega útreiknuðum lögmálum um skuggamyndun, litadreifingu, fjarlægð, dýpt, o.s.frv. Sú byltingaralda sem fór um myndlistina undir lok síðustu aldar byggdist að miklu leyti á því að breyta lögmálum um framsetningu og tilgang listar. Það skyldi m.a. gert með því að segja skilið við þá myndlistarhefð sem Vesturlandabúar höfðu fengið í arf frá Endurreisninni. Síðan hefur fegurðin lítt verið orðuð í myndlistinni, a.m.k. hefur hún miklu síður verið talin búa í myndbyggingarlegri samræmingu forma, réttum hlutföllum, jafnvægi og lit heldur en í því sem stundum hefur verið kallað „fegurðarreynsla“ einstaklingsins. „Fegurðarreynsla“ í stað fegurðar er m.a. fólgin í þeirri hugmynd að líkja listupplifun við persónulegt, andlegt ferðalag, eins konar skilningsauka á sjálfum sér og heiminum, stefnumót við bæði sjálfan sig og hið óvænta. Sú reynsla fer að miklu leyti eftir móttökuskilyrðum og næmleika áhorfanda en er ekki bundin við sérstaka tegund myndverka öðrum fremur.

Aldagömul viðfangsefni myndlistarinnar, líkt og fegurðin og hlutverk hennar í myndlistinni, sem lítið hefur borið á á síðari tímum samanborið við tilvistarspurningar listarinnar, virðast nú vera að koma aftur upp á yfirborðið.

*Mér þótti vanta alla fegurð í málverkið. Þannig að ég fór að velta því fyrir mér hvað fegurð væri fyrir fólki og í framhaldi af því að nota málverkið sem miðil til að skapa eitthvað fallett. (Victor Guðmundur Cilia)*

### Vísindi með fyrirvara

Pétur Örn Friðriksson fjallar í innsetningum sínum m.a. um hið mótsagna-kennda samband lista og vísinda í samtímanum. Verk hans hefur yfirbragð dularfullrar tilraunastofu sem minnir um margt á fyrri aldir — ef ekki væri fyrir tölvuna. Tengslin við vísindin eru þó aðeins táknræn og það er í sjálfu sér ekki erfitt að sjá verkið sem paródíu á skeikulleika vísindalegrar nákvæmni.

*Tilraunin er dálítið óskýr, þannig að áhorfandinn veit ekki fyrirfram hvað á að gerast. Ég leyfi fólki ekkert endilega að sjá allt ferlið, heldur aðeins hluta þess. Þannig vil ég að áhorfandinn glími við það sem ég sýni og sýni ekki. (Pétur Örn Friðriksson) <sup>9)</sup>*

Það er sama hversu tölvutengd listaverk eru, listin er ófyrirsjáanleg, öfugt við vísindi og fræði.

Sem kunnugt er hafa nokkrir frægustu listamenn sögunnar jafnframt verið

meðal merkustu vísindamanna síns tíma. Mesta goðsögnin er eflaust fjöllista-  
maðurinn Leonardo da Vinci (1452–1519) sem sagður var færastur sinna  
sam tímamanna í krufningum og líffærafræði, auk þess sérfræðingur í bylgju-  
fræði, stjörnufræði, herfræði og vígvélahönnun, trúarbrögðum, stjörnmálafræði  
og náttúruvísindum — fyrir utan þau verk sem hann vann á sviði myndlistar.

Pétur Örn virðist á táknrænan hátt miklu fremur skírskota til fjöllista-  
manns Endurreisnar en til teknókrata nútímans. Þrátt fyrir tæknilegt yfirbragð  
verka hans segist hann vera „and-sérfræðilega sinnaður“ og líta á sig

*sem frekar gamaldags listamann hvað aðferðir snertir. Allri nútíma-  
tækni til myndlistarsköpunar tek ég af mikilli varúð. Afstaða mín til  
tölvu- og myndbandalistar er t.d. algjörlega úr takti við samtímann  
og gamaldags. (Pétur Örn Friðriksson)*

### Að vera sér-þjóðlegur

Þátttakendur á sýningunni vinna á ýmsan hátt með hefðina og skírskotanir í  
listasöguna, bæði innlenda og erlenda.

Á sýningunni eru ekki hrein landslagsmálverk, þótt vissulega sæki ungir  
myndlistarmenn sitthvað til brautryðjenda landslagshefðarinnar, þó fremur til  
landslags-„rökfræðingsins“ Jóns Stefánssonar en til Ásgríms Jónssonar eða  
Kjarvals. Íslenskt landslag birtist hins vegar sem bakgrunnur persónulegra  
frásagna, minninga og ævintýra, sbr. verk Birgis Snæbjarnar Birgissonar. Þó er á  
sýningunni að finna hreinræktuð fjöll, og fjöll eru fyrir löngu orðin táknræn  
ímynd íslensks landslags sem myndlistarmenn hafa unnið með á margvíslega  
vegu undanfarinn áratug.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir segir lituð tré fjöll sín snúast um það að „halda  
áfram með landslagshefðina, en í þrívíðu formi“. (Þorbjörg Þorvaldsdóttir)

Verk Þorbjargar eru myndir af „hugmynd um fjall“, eins konar erkitýpur  
íslensks landslags, en ekki líkön af fjöllum sem hægt er að þekkja með nafni.  
Listakonan býr til mót af dæmigerðu íslensku fjalli sem hvergi er til í raun-  
veruleikanum og blandar út í trémassann dæmigerðum litum hins íslenska  
landslagsmálverks. Síðan er „fjallinu“ fyrirkomið á stöpli í formi hillu sem  
stendur út úr vegg og áhorfanda í sjálfsvald sett hvort hann að kys að horfa  
framan á verkið/fjallið sem eins konar útlínuteikningu í þrívídd eða velja sjónar-  
horn Íslendinga á leið heim frá útlöndum í flugvél og kíkja ofan á það.

Teikning Gústafs Geirs Bollasonar kemst nálægt því að inntaki að vera hefð-

bundið landslagsverk. Form og framsetning verksins verða þó að teljast heldur óhefðbundin. Ræmu sína kallar myndlistarmaðurinn reyndar „eins konar friðþægingarmynd þar sem reynt er að finna jafnvægi við landslagið með aðferðum teikningarinnar“. (Gústaf Geir Bollason)

Verkið tilheyrir flokki verka þar sem Gústaf Geir gerir tilraunir með form og framsetningu. Hann byggir þar m.a. á samsettum fjarvídarteikningum og ljósmyndum eða því sem hann kallar „speglanir“. Natúralískar fjarvídarsjónhverfingar eru í samtímalist í flestum tilfellum nátengdar vangaveltum um samband listar og raunveruleika. Sömu sögu er að segja um notkun myndlistarmanna á ljósmyndum. Ef ljósmyndin sjálf er ekki beinlínis hluti af verkinu, þá er skírskotunin til hennar venjulega innbyggð í verkið, m.a. í formi efasemda um veruleikaskírskotun hennar og sannleiksgildi.

Náttúra í myndlist getur verið með ýmsu móti. Svo er t.d. um verk Huldu Ágústsdóttur sem vinnur með tilfærslu hljóða og mynda úr sínu „réttu“ umhverfi í annað samhengi. Í verkinu er það útsýnið út um glugga miðrýmisins á Kjarvalsstöðum, reykvið borgarnáttúran, sem hún hefur tekið sér fyrir hendur að færa inn í gluggalausan sýningarsal með aðstoð tæknibúnaðar frá Japan. Þannig fá menn sýn út um glugga þar sem áður var lokaður veggur.

En skyldu myndverk þar sem viðfangsefnið er íslenskt landslag eða náttúra á einhvern hátt vera sér-þjóðleg eins og stundum hefur verið látið að liggja? Svar Þorbjargar Þorvaldsdóttir við því tilbúna vandamáli er eflaust lýsandi fyrir viðhorf fleiri ungra myndlistarmanna en hennar sjálfrar. Það hljóðar svo:

*Fjöllin mín eru íslensk vegna þess að þetta eru mín fjöll. Þess vegna koma þau kunnuglega fyrir sjónir.*

### Dásamlegur hversdagsleiki

Orð er ekki sama og mynd og myndlistarmenn eru þekktir fyrir að fara með orð á „sinn hátt“ og ekkert endilega á sama hátt og málfræðingur eða textarýnir. Þannig getur t.a.m. jafn hversdagslegt orð og „hversdagsleiki“ er í hugum okkar flestra spannað fjölmörg og ólík merkingarvið í skírskotunum þátttakenda á sýningunni.

*Það má segja að það sem ég vinn með sé mjög hversdagslegt, hlutir sem eru í kringum mig, sem ég hef haft fyrir augunum daglega í einhvern tíma eða tengjast mér á annan hátt. (Eygló Harðardóttir)*

Að vera að „fást við hversdagsleikann“ eins og mörgum ungum myndlistarmönnum verður tíðrætt um, getur hjá einum þeirra einfaldlega þýtt að listamaðurinn sé að vinna úr sínu nánasta persónulega umhverfi, sinni lífsreynslu, líkt og listamenn gera á öllum tímum. Hjá öðrum getur hversdagsleikinn spannað reynsluheim nútímamannsins eins og hann leggur sig. Hjá enn öðrum tengist hversdagsleikinn breyttum tímaskilningi sem felst m.a. í upphafningu hins smáa og einfalda.

*Verk mín snúast um hversdagslega og einfalda hluti, sem eru kannski ekki merkilegir í sjálfu sér, en þessum hlutum fylgir kyrrð.*

(Dorbjörg Þorvaldsdóttir)

Þá getur hversdagsleikinn verið sjálf ímynd draumsins, að vísu undir merkjum kaldhæðni og kímni. „Er ekki hversdagsleikinn dásamlegur“ spyr Finnur Arnar Arnarsson í verki sínu.

Hinn meinti hversdagsleiki hefur því mörg andlit í myndheimi samtímans. Hann þarf ekki að þýða neina venjubundna rútínu og litur hans þarf síður en svo að vera grát. Það er t.a.m. áberandi að þeir myndlistarmenn sem segjast vinna með hversdagsleikann nefna gjarnan listina sem galdur og leyndardóm í sömu andrá.

Þannig er með verk Eyglóar Harðardóttur. Það er samsett úr mörgum og sundurleitum efniseiningum, eins konar samstæðumengjum sem skírskota til ýmissa þátta í umhverfi myndlistarkonunnar eða í hinni „hráu grind raunveruleikans“ eins og Eygló orðar það.

Svart límband gegnir síðan því hlutverki að tengja alla þræði verksins saman, halda utan um verkið, vera afmörkun þess í rýminu og um leið ramma.

Hugmyndafræði rammans sem rekja má langt aftur í aldir er afar skýr í verkum flestra þátttakenda á sýningunni. Innrömmun listarinnar; endurreisnar-glugginn út í hinn ímyndaða veruleika er til staðar hvort sem er í hefðbundnum myndfleti, á sjónvarpsskjánum, í mengjum á vegg eða á heimasíðuðum hillum.

Það er helst í verkum myndlistarmannanna Hlyns Helgasonar og Lilju Bjarkar Egilsdóttur sem gerð er tilraun til að brjóta upp hugmyndafræði rammans; Hlynur með „fundnum og gleymdum“ steinsteyptöplum úti á Miklatúni (hluti af sýningunni) sem hann hefur veitt uppreisn æru og gefið „gott orð“ listaverks með því að setja á þá spegilslípað stál og plexíglar, og Lilja með innsetningarverki sínu af expressjónískum toga. Verk Lilju er samsett úr mörgum smáeiningum, svokölluðum akrílskinnum sem „hvíla bara á sjálfum sér“ og listakonan kallar hvert um sig málverk. Um er að ræða óreglulegt og óafmarkað

form á veggfleti, eins konar formlausar rósir, sem eru misjafnlega afgerandi í þéttleika og lit eftir því hvað dreifing „málverkanna“ yfir veggflötinn er mikil.

### Orð í mynd

Texti hefur verið hluti af myndmáli nútímalistar síðan í byrjun aldar. Á sýningunni eru aðallega tveir myndlistarmenn sem vinna markvisst með texta, þau Hlynur Helgason og Ragna Sigurðardóttir. Texti er reyndar uppistaðan í öllum verkum Rögnu Sigurðardóttur sem hefur verið jafnvirk á sviði bókmenna og myndlistar síðan hún lauk framhaldsnámi í myndlist.

*Ég vinn ekki með neitt ákveðið efni nema tungumálið sjálf. Tungumálið er eins konar ósýnilegt svæði sem er alls staðar nálægt, í höfði okkar og umhverfi okkar. (Ragna Sigurðardóttir)*

Verk sín byggir Ragna upp sem eins konar „collage“-verk með „fundnum“ setningum og orðum, oft úr tölvu- og tæknimáli, þar sem mörkin milli hennar eigin texta og texta annarra eru óljós. Textarnir eru settir fram sem veggmaalverk eða skrifaðir með ýmsum efnum, t.d. með grasi eða útsaumadir. Inn í þetta „fundna“ rými setur hún svo persónur sem bregðast við þessum aðstæðum á mismunandi hátt.

### Dúalismi hins íslenska myndlistarheims

Tími hins unga myndlistarmanns nú er tími lognkyrru samanborið við kynslóðina sem vísað var til hér í upphafi; tími íhugunar, tími samþættingar og úrvinnslu þess sem á undan hefur farið í listinni, tími frásagnarlegra verka, tími sviðsetninga ýmiss konar, tími skreytilistar, tími hins pottþétta handverks, tími eftirsjár. Nostalían er þó vörðud fyrirvörum og varnögglum sem þessari kynslóð virðist eðlislægt að slá gagnvart gömlum sannindum. Gjarnan í formi kaldhæðni eða kímni.

Það sem auk þess einkennir helst samtímamann í myndlist er að svo virðist sem hilli undir upplausn ýmissa séríslenskra og tilbúinna andstæðna sem hafa verið áberandi á myndlistarvettvangi kynslóðarinnar (og kynslóðanna) á undan, samanber til dæmis hina díalektísku togstreitu milli tilfinninga og (rök)hugsunar, milli myndlistarmanna sem vinna með tilfinningar og myndlistarmanna sem andstætt hinum fyrrnefndu hugsa. Upplausnin kemur m.a. fram í því að í

einu og sama verkinu rúmast sjónarmið sem fyrir áratug hefðu eflaust þótt mót-sagnarkennd.

Þannig sameinast málverk og konsept í einu verki og tilfinningar útiloka ekki lengur rökhugsun. Þá er það nýtt að olíumálarar virðast vera orðnir myndlistarmanna uppteknastir af sundurgreiningu á eigin aðferðafræði og tilvistarlegum forsendum eigin listforms. Innsetningarlistamenn virðast hins vegar vera hinir nýju expressjónistar myndlistarheimsins. Þeir sem vinna með innsetningar tjá sig ekki ósvipað og expressjóniskir abstraktmálarar gerðu fyrr á öldinni, m.a. með skírskotun til tilfinninga og tilviljana:

*Það skiptir mig miklu máli að geta unnið með þá tilfinningu sem kviknar á síðustu stundu í tilteknu rými við endanlegan frágang.*

(Lilja Egilsdóttir)

Að „vinna með rýmið“, líkt og mönnum varð tíðrætt um í eina tíð, getur því allt eins þýtt hugarástand myndlistarmannsins á meðan hann vinnur að því að setja upp verk.

Hugsanlega sjáum við hér hilla undir endalok hins séríslenska dúalisma sem hefur verið ráðandi í myndlistarheiminum allt frá lokum síðari heimsstyrjaldar og byggist aðallega á því að ekki er rúm fyrir fleiri sjónarmið á vettvangi myndlistarinnar en tvö í einu, og alls ekki í sama verkinu; ríkjandi sjónarmið annars vegar og hins vegar meinta andstæðu þess.

#### Auður Ólafsdóttir

##### Tilvitnanir:

- \* Titill ljóðs eftir Þór Eldon. Úr Ljóðabókinni *11 Daudaljóð*. Medúsa 1984.
- 1) Ungur myndlistarmaður í viðtali í *DV* 19. febrúar 1983.
- 2) Ungur myndlistarmaður í viðtali við *Þjóðviljann* 7–8. janúar 1984.
- 3) Ungur myndlistarmaður í viðtali við *DV* 19. febrúar 1983.
- 4) Ungur myndlistarmaður í viðtali við *Þjóðviljann* 4. nóvember 1983.
- 5) Allar tilvitnanir í þáttakendur á sýningunni hér á eftir eru, nema annað sé tilgreint sérstaklega, ýmist ættadar úr persónulegum minnisþekktum myndlistarmannanna eða úr samtölum þeirra við greinarhöfund.
- 6) Ungur myndlistarmaður í viðtali við *Þjóðviljann* 4. nóvember 1983.
- 7) *Arkitektúr og Skipulag*, 1. tbl. 1992. „Einkum ef þau eru hrein hugarsmíð.“ Grein um málverk Sigurðar Árna Sigurðssonar eftir Auði Ólafsdóttur.
- 8) Ungur myndlistarmaður í viðtali við *DV* 19. febrúar 1983.
- 9) Pétur Örn Friðriksson í viðtali við *Morgunblaðið* 1. apríl 1995.

Meningarmálanefnd Reykjavíkur: Guðrún Jónsdóttir, formaður,  
Guðrún Ágústsdóttir, Helgi Pétursson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóna Gróa  
Sigurðardóttir, Tryggvi Baldvinsson, Þorvaldur Þorsteinsson

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur: Gunnar B. Kvaran

Ljósmyndun: Kristján Pétur Guðnason

Umsjón með gerð sýningarskrár: Anna Margrét Bjarnadóttir

Hönnun sýningarskrár: Hildigunnur Gunnarsdóttir

Yfirlestur handrita: Mörður Árnason

Skeyting og filmuvinnsla: Prentmyndastofan hf.

Prentun og bókband: G. Ben. - Edda Prentstofa hf.

© Kjarvalsstaðir – Listasafn Reykjavíkur  
The Reykjavík Municipal Art Museum  
við Flókagötu, 105 Reykjavík

ISBN: 9979-874-07-4



Kjarvalsstaðir – Listasafn Reykjavíkur / Reykjavík Municipal Art Museum  
október – nóvember 1995